

**BORGARRÁÐ 10. júní 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks - MSS22060091**

Ábendingar hafa borist um að aðgengisnefndin hafi ekki verið nægjanlega öflug og sterk í störfum sínum og ekki geta barist af nægjum krafti fyrir sinn hagsmunahóp. Fulltrúar aðgengisnefndarinnar þurfa vissulega að vera í mjög góðum tengslum við sitt bakland en umfram allt þurfa pólitískir fulltrúar minnihlutans að hafa næg áhrif og vald til að þeir geti unnið sína vinnu í þágu réttinda þeirra sem hún á að standa vörð um. Nefnd af þessu tagi má ekki virka eins og „mini borgarstjórn“. Lagt er til að gerðar verði breytingar á henni þannig að pólitískir fulltrúar minnihlutans og fulltrúar hagsmunaaðila fái aukin áhrif og vægi til að geta sinnt sínu starfi í nefndinni. Í nefndinni þarf að vera jöfn hlutföll fulltrúa frá hagsmunasamtökum og pólitískum fulltrúum og jafnvel að fulltrúar hagsmunaaðila séu fleiri. Nefnd af þessu tagi þarf þess utan að vera í betri tengslum við borgarráð og borgarstjórn þannig að hægt sé að koma málum sem nefndin er sammála um að séu mikilvægi í framkvæmd fljótt og vel.